

Fréttapistill frá forseta Íslands

14. október 2019

Nýliðin vika hófst með miklu lífi og fjöri, yfir 500 manna ungmennahæpingi í Mosfellsbæ. Þarna voru komnir saman krakkar frá 80 félagsmiðstöðvum á landinu auk gesta frá hinum norrænu löndunum. Ég fékk að ræða við þennan flotta hóp um þau heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem voru einkum til umfjöllunar, ekki síst menntun og mannréttindi, sjálfbærni og umhverfismál. Þeir sem stóðu að undirbúningi þingsins eiga þakkir skildar fyrir þetta fína framtak.

Á mánudaginn var, 7. október, kom góður gestur til Bessastaða, Dietrich Becker, nýr sendiherra Þýskalands. Hann afhenti trúnaðarbréf sitt og að því loknu var boðið til móttöku hér og gafst þá gestum – fólki með hinar og þessar Þýskalandstengingar – færi á að ræða við sendiherrann um sóknarfæri í samskiptum Íslands og Þýskalands. Becker er sannkallaður Íslandsvinur, kom fyrst hingað laust fyrir síðustu aldamót og hjólaði þá um landið þvert og endilangt. Gott er að vita til þess að okkur Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra hefur í sumar lánast að treysta tengsl þessara tveggja vinahjóna; við Eliza tókum á móti Frank-Walter Steinmeier Þýskalandforseta og Elke Büdenbender konu hans, og Katrín bauð Angelu Merkel kanslara hingað. Við hjónin hittum þýsku forsetahjónin svo aftur í Varsjá 1. september. Þá var þess minnst að 80 ár voru liðin frá upphafi seinni heimsstyrjaldar og flutti Steinmeier þar magnaða ræðu um glæpi og ábyrgð Þýskalands, lærdóma sögunnar og nauðsyn samvinnu og samkenndar á alþjóðavettvangi.

Þriðjudaginn var að mestu unnt að helga ræðuskrifum meðfram öðrum önnum. Miðvikudaginn 9. október hlotnaðist mér sá heiður að afhenda verðlaun á Umhverfisdegi atvinnulífsins. Krónan var heiðruð fyrir framtak ársins á sviði sjálfbærni og umhverfisverndar og Brim var valið umhverfisfyrirtæki ársins. Í stuttu ávarpi nefndi ég hvernig margir virðast vega salt milli vonar annars vegar og ótta eða reiði hins vegar þegar rætt er um loftslags- og umhverfismál. Mér varð hugsað til stöku sem Theodóra Thoroddsen orti, kannski þegar hún bjó hér á Bessastöðum með Skúla manni sínum og barnaskara þeirra:

Gleðisjóinn geyst ég fer,

þó gutli sorg und kili.

Vonina læt ég ljúga að mér

og lífi á henni í bili.

Verk verðlaunahafanna á Umhverfisdegi atvinnulífsins geta fyllt mann bjartsýni. Í verslunarkerðjunni er unnið að því að fækka óþarfa umbúðum og minnka matarsóun, útvegsfyrirtækið nýtir tækni sem dregur úr orkunotkun hvarvetna svo að dæmi sé tekið. Við getum vel leyft okkur að vera bjartsýn, við erum ekki að láta vonina ljúga að okkur þótt við tökum þann pól í hæðina. Og einu sinni enn svo að það fari nú ekki á milli mála: Við þurfum að aka, sigla og fljúga, megum flytja vörur og ferðast kinnroðalaust. Flugferðir valda víst aðeins um 2% af þeirri losun

gróðurhúslofttegunda sem rekja má til mannanna verka. En við leitum lausna, við þróum vistvænni fararskjóta og við getum kolefnisjafnað ferðir okkar.

Eftir hádegi þennan dag tók ég á móti fjölda gesta á Bessastöðum og má lesa um þá viðburði alla á heimasíðu embættisins. Ég nefni aðeins hér að gaman var að ræða við fólk frá nokkrum löndum sem er hér á landi vegna fjölþjóðlegs verkefnis, „National Prides in a European Context“. Þar gafst fyrirtaks tilefni til að rýna í þann mikilvæga mun sem gera verður á þjóðrækni og heilbrigðri ættjarðarást, og svo þjóðrembu, drambi og hroka sem getur leitt til ofbeldis, ógnar og styrjalda ef engin er mótstaðan. Við Íslendingar hljótum að skilja og styðja þær þjóðir sem vilja verja sinn menningararf, tungu og sérstöðu, í sátt og samlyndi við aðra.

Morguninn eftir flutti ég ávarp á málþingi Friðarsetursins Höfða. Þar vék ég aðeins að konum, stríði og friði til forna, hafði m.a. til hliðsjónar skrif Agnesar Arnórsdóttur um konur og vígamenn og stóðst ekki mátið að vitna í Gerplu, þá mögnuðu háðsádeilu Halldórs Laxness um hjákátlega hetjudýrkun. „Aldregi skyldi góður dreingur láta þá skömm af sér spyrjast að kjósa frið ef ófriður var í boði,“ segir þar. Hún er sígild, hún á enn við, þessi napra og beitta vanþóknun á ofríki og ofbeldi.

Áfram er stiklað á stóru í dagskránni: Síðdegis sóttum við Eliza hátíð í Salnum í Kópavogi í tilefni alþjóða geðheilbrigðisdagsins, 10. október ár hvert. Við kynntum okkur starfsemi ýmissa góðgerðar- og hjálparsamtaka og fluttum svo saman ávarp, að mestu um þema dagsins þetta árið, mikilvægi forvarna gegn sjálfsvígshugsunum og sjálfskaða. Í Salnum hittum við góða kunningja, m.a. úr klúbbum Geysi og fólk sem hafði lagt leið sína á 40 ára afmælishátíð Geðhjálpár á dögumum. Þá vil ég nefna að Eliza er verndari Pieta-samtakanna og hefur lagt þeim öflugra félagskap lið eftir bestu getu. Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur á Íslandi 10. október 1996. Verndari dagsins og ræðumaður í það skipti var Guðrún Katrín Þorbergsdóttir forsetafrú.

Úr Kópavogi lá leið mín á árlegt kótelettukvöld Samhjálpár á Hótel Sögu. Þar var margmenni að venju, dýrindis matur og skemmtiatriði stóðu undir nafni. Veislustjórinn, nafni minn Ágústsson, dásamaði sauðkindina og henti græskulaust gaman að öllu og öllum – nema henni. Tveir gestir stigu á svið og vitnuðu á áhrifaríkan hátt um bata og betra líf. Mér kom ánægjulega á óvart að annan þeirra kannaðist ég vel við úr eigin ungdómi. Þarna lágu leiðir okkar saman á ný, á þann veg sem hvorugur okkar hefði getað séð fyrir á æskuárum. Leið hans hefur að mörgu leyti verið grýttari en mín og mikinn styrk hefur þurft til að komast yfir hvers kyns hindranir; gangi honum áfram vel og öllum í svipaðri stöðu. Vörður Leví Traustason, sem verið hefur framkvæmdastjóri Samhjálpár undanfarin ár, hefur nú látið af störfum og flytur til Noregs með konu sinni, Ester Karin Jacobsen, sem er þaðan. Þau hjón hafa lengi helgað líf sitt velferð annarra og þeim sendi ég góðar óskir og kveðjur.

Föstudaginn 11. október átti ég nokkra fundi með útlendingum sem hingað komu að sækja Hringborð Norðurslóða, þann merka viðburð sem Ólafur Ragnar Grímsson á veg og vanda af. Við Eliza urðum þess heiðurs einnig aðnjótandi að bjóða Viktoríu krónprinsessu Svíþjóðar til hádegisverðar á Bessastöðum. Prinsessan kynnti sér græna orku og umhverfismál hér á landi og var vel að sér á þeim vettvangi, viðræðugóð og viðmótsþýð.

Í fyrradag tókum við hjón á móti John Kerry, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Kerry var að jafna sig á flensu en bar sig vel og fróðlegt var að ræða við hann um málefni líðandi stundar.

Síðan átti ég fund með Paul Wheelhouse, ráðherra orkumála og eyjaslóða í Skotlandi. Ráðherrann og föruneysi hans kynntu framtíðarsýn sína í orkumálum og öðrum þáttum sem varða stöðu Skota í samfélagi þjóðanna. Hinir skosku gestir sögðust gjarnan horfa til Norðurlanda og vildu læra af okkur í mörgum eignum. Sjálfsagt er að efla tengsl okkar við þessa ágætu grannþjóð. Ég hlakka til að leggja áfram mitt af mörkum í þeim eignum.

Viðburðaríki viku lauk svo með gæðastund, tónleikum Ellenar Kristjánsdóttur og flokks frábærs tónlistarfólks sem var henni til halds og trausts. Í þeim hópi voru m.a. Eyþór maður hennar Gunnarsson og þrjár dætur þeirra hjóna. Pálmi Gunnarsson kom líka fram en því miður var Magnús Eiríksson með flensu – eins og Kerry – og gat því ekki leikið listir sínar. Til stóð að Maggi Eiríks syngi lagið Ómissandi fólk með Ellen en Þorsteinn Einarsson úr Hjálmum hljóp í skarðið og fyllti það með bravúr. Og auðvitað er það gráglettið eða launfyndið að þótt Magnúsar hafi að sjálfsögðu verið saknað – og honum óskað góðs bata á tónleikunum – sannaði hann með fjarveru sinni þau orð í laginu sem Ellen og Þorsteinn sungu svo vel:

Ofmetnastu ekki

af lífsins móðurmjólk.

Í kirkjugörðum heimsins

hvílir ómissandi fólk.

Hér að neðan er mynd af okkur Ellen í tónleikahléi og nokkrar aðrar af vettvangi vikunnar. Ég óska ykkur öllum velfarnaðar.